

### Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. maí 2016 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-4/2016:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 18. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna fjárhæðar reiknings fyrir þjónustu iðnaðarmanna, en þjónustuna keypti hún af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að fjárhæð reiknings seljanda verði lækkuð.

#### II

##### Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 22. janúar sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 27. janúar. Með bréfi, dags. 3. febrúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 9. febrúar. Með bréfi, dags. 18. febrúar var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og hinn 7. mars barst bréf frá seljanda um að hann hefði ekkert frekar fram að færa í málinu. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 23. maí, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### III

##### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og göngum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að hinn 22. desember 2015 keypti álitsbeiðandi hert sturtugler ásamt festingum, klossum og kíttri af seljanda fyrir kr. 39.578. Segir álitsbeiðandi að við kaupin hafi hún verið spurt hvort hana vantaði uppsetningu á glerinu og hafi hún játað því. Fór uppsetning fram í byrjun janúar. Segist álitsbeiðandi ekkert tilboð hafa fengið í uppsetninguna frá seljanda en taldi að verð hennar yrði í samræmi við þau gjöld sem hún hafði greitt hjá öðrum fyrirtækjum, en hún hafi t.d. greitt tveimur mönnum rúmlega kr. 30.000 fyrir 3 klukkustunda vinnu við uppsetningu á gardínubrautum og gardínur. Reikningur seljanda hljóði hins vegar upp á kr. 61.384 og er vinna skv. reikningnum skilgreind sem 2 tímar á kr. 7.500 fyrir niðurrif, 4 tímar á kr. 7.500 fyrir uppsetningu á sturtuglerinu og ein aksturseining, kr. 4.500, samtals kr. 49.503. Við það bætist kr. 11.881 og hljóði reikningurinn því upp á samtals 61.384. Segir álitsbeiðandi að tveir menn hafi komið með glerið. Ekkert hafi þurft að bora, aðeins kítta glerið niður við vegg. Segist álitsbeiðandi ekki geta sætt sig við að rukkað sé fyrir 6 tíma af vinnu, fyrir tæplega 2 tíma vinnu tveggja manna. Krefst álitsbeiðandi þess að reikningurinn verði lækkaður um kr. 30.000 og að hún sætti sig ekki við tilboð álitsbeiðanda um að reikningurinn verði lækkaður um kr. 10.000.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af reikningi vegna kaupa á sturtugerli o.fl. af seljanda, dags. 22. desember 2015, að fjárhæð kr. 39.578, sem og afrit af reikningi vegna uppsetningar á sama gleri, dags. 6. janúar 2016, að fjárhæð kr. 61.384.

#### IV

##### Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi telur fjárhæð reikningsins eðlilega og í samræmi við það sem seljandi hafi almennt tekið fyrir að mæla og setja upp sturtugler. Það verð hafi verið óbreytt í um 3 ár. Segist álitsbeiðandi hafa þó verið tilbúinn til að lækka reikninginn til að reyna að loka málinu. Sá reikningur, að fjárhæð kr. 52.083 hafi verið

greiddur af álitsbeiðanda og furðar seljandi sig á því að reikningurinn hafi ekki fylgt álitsbeiðninni. Varðandi það að álitsbeiðandi hafi ekki fengið tilboð í uppsetningu glersins segir seljandi að hann finni ekkert í gögnum félagsins um að álitsbeiðandi hafi óskað eftir tilboði. Ítrekar álitsbeiðandi að tveir starfsmenn seljanda hafi aðeins verið tæpa 2 tíma að sinna verkinu. Engu að síður hafi verið ætlast til að álitsbeiðandi greiddi fyrir 6 tíma vinnu, en nú 5 tíma.

## V

### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi hafi greitt seinni reikning seljanda, að fjárhæð kr. 52.083, eftir að álits kærunefndarinnar var leitað og hafi reikningurinn verið greiddur með fyrirvara um réttmæti hans. Ítrekar álitsbeiðandi að verkið hafi tekið tvo menn aðeins tæpa 2 tíma og að henni þyki þar af leiðandi óásættanlegt að rukkað sé fyrir 6 tíma vinnu.

## VI

### **Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Samkvæmt gögnum málsins verður að byggja á því að aðilar hafi samið um að verk það sem seljandi tók að sér að vinna skyldi unnið í tímavinnu en ekki samkvæmt öðrum viðmiðum, s.s. uppmælingu. Það er alkunna að við verk sem unnið er samkvæmt uppmælingu geta vinnustundir orðið fleiri eða færri en gert er ráð fyrir í uppmælingunni og kemur það því ýmist verkkaupa eða verksala til góða miðað við að verkið væri unnið í tímavinnu.

Þegar svo hagar til að ekki er samið fyrirfram um greiðslu fyrir verk fer um þá greiðslu eftir 28. gr. laga nr. 42/2000 sem hljóðar svo: „Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hver eðlis hún er.“

Eins og fyrr greinir var á upphaflegum reikningi seljanda reiknað með að vinnustundir hefðu verið 6, unnar af tveimur mönnum og hljóðaði reikningurinn upp á kr. 61.384. Álitsbeiðandi telur starfsmenn seljanda aðeins hafa unnið í tæpa 2 tíma, þ.e. í samtals tæpar 2 vinnustundir. Seljandi hefur ekki mótmælt þeirri fullyrðingu. Miðað við að tímavinna hafi verið 4 tímar, en ekki 6, ætti reikningur seljanda því að hljóða upp á kr. 42.780. Í málinu liggur fyrir að álitsbeiðandi hafi þegar, með fyrirvara, greitt seljanda kr. 52.083. Er það því mat kærunefndarinnar að seljanda beri að endurgreiða álitsbeiðanda kr. 9.303.

**VII**

**Álitsorð**

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 9.303.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir